

Innköllun á Mexíkóosti frá Mjólkursamsölunni

Tilkynning frá Mjólkursamsölunni

Mjólkursamsalan hefur ákveðið að taka úr sölu og innkalla eina tiltekna framleiðslulotu af **Mexíkóosti**. Lotan er merkt „**Piparostur**“ á bakhlið ostsins og „best fyrir“ 26.01.2025 eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Ástæða innköllunarinnar er að þessi tiltekna framleiðslulota er ranglega merkt og þar af leiðandi eru ofnæmisvaldarnir **soja** og **sinnepsfræ** ekki tilgreindir.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: Mexíkóostur 150 g
Rétt strikamerki: 5690516060657

Rangur bakmiði:

Vöruheiti: Piparostur 150 g
Strikamerki: 5690516060558
Best fyrir dagsetning: 26.01.2025

Neytendum sem keypt hafa vöruna með framangreindri dagsetningu er bent á að þeir geta skilað vörunni í þá verslun þar sem hún var keypt eða snúið sér beint til Mjólkursamsölunnar. Varan er ekki hættuleg þeim sem eru ekki með ofnæmi fyrir soja eða sinnepsfræjum.

Mjólkursamsalan biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur hafa skapast.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn gæðadeildar Mjólkursamsölunnar í síma 450 1100 eða hægt er að koma ábendingum á framfæri á netfangið abendingar@ms.is.

